

## EÐLI ÁSTARINNAR

Um eðli ástarinnar mætti skrifa stóra bók, en einnig segja mikið í fáum orðum. Ein aðalviðleitni gengur gegnum alla tilveruna. Hefst á því, að hinar fyrstu frumagnir leita saman til að byggja upp efnið (efnisheiminn), og heldur áfram allt upp til hins æðsta lífs, kemur fram sem ást manns og konu, viðleitni á að samstillta hið tvennskonar lífsafl í hinum æðstu lífmyndum jarðar vorrar. En í sínu innsta eðli er þessi viðleitni tilraun hins guðlega, skapandi kraftar til að ná út í hinar ystu æesar ófullkomleikans, svo að allsstaðar verði fullkomnun. Ástin er þess vegna, á alveg sérstakan hátt, guðs vilji, eða í samræmi við guðs vilja, þrá til að framkvæma hinn æðsta vilja, og gleði, þegar það tekst. Ástin er tilraun til að nálgast guð, magnast af guðlegum krafti, og maðurinn er aldrei eins nálægt guði og í faðmi góðrar konu.

5. okt. '28